

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

Erum einnig á visir.is

APRÍL 2021



4. tbl. 24. árg.

OPIÐ
8-24
ALLA DAGA
Á EÐISTORGI
HAGKAUP
Skammtilegast að versla

Ný „verbúð“ við Hafnarbúðir



Hér má sjá hvernig arkitektarnir sjá fyrir sér útlit hússins, séð frá Geirsgötu.
Mynd/ASK arkitektar.

Nú liggur fyrir hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur beiðni um breytingu á deiliskipulagi fyrir Geirsgötu 9, Hafnarbúðir. Óskað er eftir að fá að byggja eina „verbúð“ til viðbótar þeim sem fyrir eru. Í gildi er rammaskipulag fyrir Gömlu Höfnina þar sem gert er ráð fyrir að verbúðum verði fjölgað um eina. Skal sú nýja vera í sama formi og yfirbragði og þær sem fyrir eru.

Samkvæmt tillögu ASK arkitekta er gert ráð fyrir

að nýja verbúðin verði um 590 fermetrar að stærð og rúmi verslanir, þjónustu- og skrifstofuhúsnæði. Nýja verbúðin er í svipuðu sniði og þær eldri, nema að nú er gert ráð fyrir kvistum á þaki til auka nýtingu efri hæðar. Starfsemi í verbúðunum hefur aukið gildi Gömlu Hafnarinnar með veitingarekstri, litlum verslunum og ýmiss konar þjónustu við borgarbúa og ferðamenn. Má ætla að nýja verbúðin með þeirri starfsemi sem þar verður, verði enn til að auka vinsældir svæðisins.

20.000KR. Í HVELLI!
FINNUR ÞÚ?
Þú gætir unnið 20.000 kr. í einum hveli!
HAPPA PÖNNAN
Skammtilegt að skaf!



Óðinsgata 1 - Reykjavík
Sími: 511 6367

Sjá nánar á [facebook.com/Systrasamlagid](https://www.facebook.com/Systrasamlagid)
Netverslun: systrasamlagid.is

- bls. 4
Viðtal við
Sonju og Þurý
rakara á
Klapparstígnum

- bls. 8-9
Hafnarbúðir
- Margvísleg hlutverk

Velkomin á Grandann

Nú sækjum við og skilum bílnum



AFGREIÐSLUTIMI
mán. – fös. kl. 8–16:30



Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • www.frumherji.is



Betri fjármál

Bókhald | Laun | Ráðgjöf | virtus.is



VIRTUS

Melabúðin
VERSLUN SÆLKERANS
- Opíð 1. maí kl 10.00 - 20.00 -



Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími: 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Póstdreifing ehf.

4. tbl. 24. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í pósnúmerum 107, 102 og 101.

Liður í þróun

Á kveðið hefur verið að lækka hámarkshraða á ýmsum götum í Reykjavík. Í tilkynningu frá Reykjavíkurborg kemur fram að markmið áætlunarinnar sé að stuðla að bættu umferðaröryggi og að nauðsynlegt sé að draga úr umferðarhraða til að ná því. Ekki sé réttlætjanlegt að fórnarheilsu vegfarenda fyrir minni tafir.

Umdeilt er hversu miklar tafir eða önnur óþægindi lækkun hraða getur skapað. Óumdeilt á þó að vera að lækkun getur dregið úr mengun og öðrum umhverfisáhrifum.

Nokkur umræða hefur orðið um þetta mál bæði í Vesturbænum sem annars staðar í borginni og sitt sýnist hverjum. Hún tengist einnig öðrum breytingum sem unnið er að í samgöngumálefnum á höfuðborgarsvæðinu. Þeim breytingum að efla aðra samgöngumáta en umferð einkabíla.

Reykjavík og raunar allt höfuðborgarsvæðið er að breytast. Landrými er ekki óendanlegt og byggð því að þéttast. Einnig eru komnar á sjónarsviðið kynslóðir sem horfa til breyttrar og þéttari borgarmyndar en höfuðborgarsvæðið hefur borið í sér.

Þessar breytingar ná einnig til samgangna. Ógerlegt er að auka umferð bíla í takt við þessar breytingar. Slíkt myndi leiða til umferðartafa sem hvorki verða leystar með endalausum steypumannvirkjum í formi mislægra gatnamóta og hringtorga eða hraðri umferð.

Almenningssamgöngur hafa alla tíð átt undir högg að sækja hér á landi. Veðráttá á einhvern þátt í því en einnig áhugaleysi um að sá samgöngumáti verði aðlaðandi. Bílaöldin sem hófst með niðurfellingu gjaldeyrishafta 1960 reid yfir af þunga.

Þótt efla verði almenningssamgöngur og auka aðlöðunarhæfni er einkabíllinn ekki að hverfa. Hann verður áfram samgöngutæki, þótt í minna mæli kunnir að verða. Allar breytingar þurfa sinn tíma. Lækkun hámarkshraða og betri almenningssamgöngur er liður í þeirri þróun.

Íbúðir í stað blikksmiðju á Ægisgötu

Fasteignafélagið M3 hefur sótt um að breyta gömlu blikksmiðju JBP á Ægisgötu 7 í íbúðir. Áður höfðu aðrir eigendur stefnt að hóteli á þessum stað en horfið frá þeim áformum. Örn V. Kjartansson fjárfestir er að baki M3 en hann var áður framkvæmdastjóri eignaumsýslu fasteignafélagsins Stoða.

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 19. febrúar 2021 var lögð fram fyrirspurn M3 fasteignapróunar ehf. dags. 14. febrúar 2021 um breytingu á notkun hússins á lóð nr. 7 við Ægisgötu sem felst í að breyta iðnaðarhúsnæði í íbúðarhúsnæði, samkvæmt tillögu Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf. og M3 fasteignapróunar ehf. dags. 12. febrúar 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn



Blikksmiðja JPB var lengi á Ægisgötu 7. Um tíma var horft eftir að breyta húsnæðinu í hótél en horfið frá því. Nú er stefnt að því að breyta því í íbúðarhúsnæði.

skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021 samþykkt, sbr. þó skilyrði og leiðbeiningar sem fram koma í umsögn.

Styrkir til íbúaráða í Vesturbæ og Miðborg

Íbúaráð Vesturbæjar hlaut 3.700.000 krónu hverfisstyrk og Íbúaráð Miðborgar og Hlíða hlaut 4.430.000 kr. Styrkir íbúaráða eru ætlaðir til eflingar hverfisanda, mannlífs og menningar.

Auglýst var eftir verkefnum og viðburðum sem ætlað er að stuðli að auknu mannlífi, menningu, félagsauði og lífsgæðum í hverfunum árið 2021. Mikilvægt er að verkefni höfði til allra aldurshópa og skírskoti til breiðs hóps fólks sem vill sækja sér afþreyingu og upplifun í eigin hverfi. Sjóðurinn sem ætlaður er til þessa verkefnis nemur alls kr. 30.000.000 Miðað er við að íbúaráð sem eru níu talsins, fái milljón hvert en afgangurinn deilist til íbúaráða eftir íbúafjölda hverfanna. Einstaklingar, félagsamtök eða aðrir hópar sem vinna saman að einstöku verkefni gátu sótt um styrk í sjóðinn. Styrkir geta til dæmis fallið til: Viðburða í hverfum borgarinnar sem höfða til allra aldurshópa, markaða



Álftir á Reykjavíkurtjörn. Iðnó í baksýn.

sem efla líf í hverfinu, tónleika, listviðburða eða annað sem eflir hverfisvitund, Pop - up leikvalla og þrautabrauta í hverfunum, hreinsun eða gróðursetningar á svæðum innan hverfisins.



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18
Laugardaga: kl. 10-17

Reykjavík Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

TOYO TIRES

PIRELLI
POWER IS NOTHING WITHOUT CONTROL

Laufenn
Journey in Style

MAXXIS
DEKK

Mastercraft
TIRES

NANKANG
FREE YOUR WAY

GT RADIAL

INTERSTATE
TIRES

Það er stutt í ferðalagið og líka í Nesdekk!

Réttu dekkinn draga fram bestu
eiginleika bílsins og veita
hámarks öryggi.

Fáðu ráðleggingar fagmanna
við val á réttum dekkjum.



Skoðaðu nýju heimasíðuna okkar á **nesdekk.is**
Þar er hægt að sjá verð á dekkjum okkar og panta sér tíma í dekkjaskipti!

Sjáðu úrvalið á
nesdekk.is

Fiskislóð 30
101 Reykjavík
561 4110
Tímabókun

NESDEKK
Öryggi í umferð síðan 1996

Finnst við komnar heim

- segja Sonja og Þurý rakarar á Klapparstígnum. Þær störfuðu í áratugi á Rakarastofunni á Klapparstíg en fyrir um tveimur árum opnuðu þær sína eigin stofu á Klapparstíg 40 sem heitir Rakararnir á Klapparstíg.

Við ofanverðan Klapparstígninn nánar tiltekið númer 40 er um tveggja ára gömul rakara- og hársnyrtistofa sem heitir Rakararnir á Klapparstíg. Margir kannast eflaust við þetta hús vegna þess að Ari Magnússon rak Antikbúðina þar til lengri tíma. Eftir að Ari hætti rekstri búðarinnar bauð hann tveimur konum sem tengjast hársnyrtingu á Klapparstígnum í áratugi þetta vinalega húsnæði. Þær voru þá að leita sér að aðstöðu og því ekki lengi að slá til. Þetta eru þær Sonja Ásbjarnardóttir og Þurý (Þurý) Ævarsdóttir auk þess sem Ellert Birgir Ellertsson stendur að stofunni með þeim en hann tengist Klapparstígnum með sama hætti og þær. „Það fer mjög vel um okkur hér, segja þær Sonja og Þurý. Vesturbæjarblaðið leit við í notalegu umhverfi hjá þeim á dögnum.“

Sonja og Þurý koma sín úr hvorri áttinni en leiðir þeirra lágu saman á Klapparstíg fyrir tvítugsaldur. Þær voru aðeins 19 ára og enn í námi við upphaf kynna þeirra 1984. Þá hófu þær störf hjá Sigurpáli Grímssyni á Rakarastofunni á Klapparstíg sem segja má að verið hafi ein fyrsta nútímavædda rakarastofa hér á landi og einnig sú stærsta. Þurý er mið- og Vesturbæingur með viðkomu á Seltjarnarnesi en hefur búið í Vesturbænum um lengri tíma. Sonja kom af landsbyggðinni. Nánar tiltekið frá Hornafirði. Hún á ættir í hárskurð því að faðir hennar var Ásbjörn Þórarinnsson aðal rakarinn á Höfn og þar byrjaði hún að læra en lauk náminu hjá Sigurpáli á Klapparstígnum. Þurý átti eftir að ljúka sveinsprófinu þegar þær komu á Klapparstígninn þar sem þær hafa eytt langanum af starfsævi sinni þótt með einhverjum undantekningum hafi verið. Þurý hugsar sig aðeins um. „Já - ég man að ég var einhverju sinni að klippa á stofu sem Jörundur Guðmundsson rak. Hann var nefnilega rakari þótt hann sinnti ýmsu öðru. Á þessum tíma var hann með sirkusstarfsemi og flutti hingað danskan sirkus. Minnir að hann hafi heitið Sirkus Arena og ég man að ég klippti trúðinn fyrir hann.“

Allt að 30 manns þegar flest var

Rakarastofan á Klapparstíg var lengi ein fjölmennasta rakara- og hársnyrtistofa landsins. Þar starfaði hársnyrtifólk frá ýmsum stöðum.

Sumt stóð skemmra við en annað lengur eins og gengur. Þar var að þeirra sögn oft mikið líf og fjör og lengi einkenni Klapparstígninn hvað mikið var að gera. „Það voru allt að 30 manns að vinna þar þegar flest var. Tveir voru í afgreiðslunni við að taka á móti fólki og selja snyrtivörur og við hin á gólfinu að klippa og snyrta. Sigurpáll var oftast sjálfur með á gólfinu með okkur og Inga konan hans sem er systir Torfa Geirmundssonar sem var mjög þekktur rakari á sinni tíð var oft að grípa í klippingar einkum síðari árin. Torfi starfaði á Klapparstígnum um tíma en opnaði hársnyrtistofuna Pappilla og síðar Hárhornið fyrir ofan Hlemm þar sem hann var til áviloka.“

Vildum vera áfram á þessum slóðum

Sonja og Þurý störfuðu á Rakarastofunni á Klapparstíg allt til að Sigurpáll hætti og lokaði stofunni. Hvað tók þá við. „Við vorum búnar að ræða í nokkurn tíma að við vildum starfa saman áfram og jafnvel að fá fleiri úr hópnum með okkur. Og þá hófst leit að húsnæði. Vorum tengdar Klapparstígnum í gegnum öll þessi ár og vildum vera áfram á þessum slóðum. Gatan var önnur heimkynni okkar enda búnar að eyða miklum tíma þar. Við vildum líka vera áfram á þessum slóðum.“

Finnst við komnar heim

Þegar Sigurpáll hætti og lokaði reyndist ekki auðvelt að fá hentugt húsnæði við Klapparstígninn eða í næsta nágrenni þótt hugurinn stæði þangað. Þetta er talsvert áður en covit skall yfir og ferðamennirnir hurfu og ferðamannabúðunum fækkaði skyndilega. Húsnæðisleitin reyndist erfiðari en við höfðum gert ráð fyrir. Við vorum búnar að fara víða og ræða við marga en hvergi reyndist horn að finna. Nýir eigendur höfðu tekið við húsnæðinu á Klapparstíg þar sem við höfum unnið. Það húsnæði var líka allt of stórt fyrir okkur. Þar var sett upp mjög há leiga líkt og varð um flest pláss eftir að ferðamannastraumurinn skall á. Það mun ekki hafa tekist að leigja það aftur – alla vega ekki til lengri tíma þótt viðburðir hafi verið haldnir þar. Erfitt reyndist líka að finna út hverjir væru eigendur að húsnæði á þessum slóðum. Einkum við Laugavegin. Við vorum orðnar svartstýrnar um að geta haldið



Sonja Ásbjarnardóttir, Þurý (Þurý) Ævarsdóttir og Ellert Birgir Ellertsson á hársnyrti- og rakarastofunni Rakararnir á Klapparstíg. Ef vel er að gáð má sjá blóm í glugga að baki þeirra. Þau leggja áherslu á gott andrúmsloft, rými og blómaskreytingar á stofunni.

þessu áfram. Vorum búnar að fara víðar og skoða okkur um. Jafnvel út á Granda. Þá var uppbygggingin þar á fullu og setið um hvert pláss. Við vorum að hugsa um að við myndum geta fundið okkur þar ef við þyrftum að yfirgefa Miðborgina. Við hefðum örugglega tekið okkur vel út við að klippa í gamalli verbúð. En þá bauðst okkur að fá inni hjá Sandro við Hverfisgötuna. Ekki langt frá okkar gamla stað. Það var þó alltaf hugsað sem tímabundin ráðstöfun og við héldum húsnæðisleitin áfram. Við vorum búnar að koma auga á þennan stað nokkru áður en að Ari kom og bauð okkur að leigja af sér pláss. Hann sagðist vilja fá okkur og það tók okkur innan við tvær mínútur að segja já. Við erum því ekki alveg á sama stað og forðum heldur aðeins ofar á horninu á Klapparstíg og Grettisgötu. Á þessum tíma sem húsnæðisleitin stóð yfir dattu sumir úr skaftinu sem höfðu áhuga á að starfa með okkur. Fóru annað en Ellert Birgir Ellertsson sem starfaði hafði á Rakarastofunni á Klapparstíg kom með okkur hingað. Við erum því þrjú hér á horninu. Okkur finnst við komin heim.“

Meira en 100 ára saga

Sonja og Þurý voru nær samfell í 32 á Rakarastofunni Klapparstíg.

Með endurkomu á Klapparstígninn hefur þeim tekist að framlengja sögu hársnyrtingar og klippinga á Klapparstíg en saga þessar atvinnugreina spannar meira heila öld ef talið er frá stofnun fyrstu rakarastofunnar við götuna. Þegar Sigurpáll lokaði voru orðin 99 ár frá því fyrstu skærin klipptu mannhár og rakhnífur kyssti kjamma við þessa götu.“

Margir Vesturbæingar

Hverjir eru helstu viðskiptavinir Rakaranna á Klapparstíg. Er þá eldri kunnar af gömlu stofunni eða hefur nýtt fólk leitað á þessa nýju stofu. Þær Sonja og Þurý segja marga hafa verið kunnar á Rakarastofunni á Klapparstíg en nýir hafi einnig komið. „Okkur finnst Hverfisgatan skipta hverfinu aðeins að þessu leyti. Fólk sem býr ofan hennar er meira á ferðinni hér. Við fundum þetta þann tíma sem við vorum hjá Sandro sem er norðan megin við Hverfisgötuna. En þetta er alls ekki algilt og svo kemur fólk lengra að. Við höfum sérstaklega veitt athygli hversu margir Vesturbæingar leggja leið sína hingað. Við erum með “drop inn” þjónustu eins og var á gamla staðnum. Fólk getur komið við án þess að panta tíma og þá ræðst bara hvort allt er fullt. En við

reynum að hagræða eins og við getum ef þannig stendur á.“

Lengur í návist en með fjölskyldunum

Það er morgun á Klapparstíg 40. Rakararnir eru ekki búnir að opna formlega. Það gerist klukkan 10 en hurðin er engu að síður opin þar sem þau sitja á spjalli við Vesturbæjarblaðið. Maður gengur hjá og sér fólk. Hann kemur inn og fær að sjálfsgöðu sína þjónustu þótt opnunartíminn sé ekki alveg hafinn. Þau eiga líka eftir að vökva blómin því blómaskreytingar einkenna stofuna. Allt er gert til þess að létta og lífga umhverfið og þar njóta þau þess að rúmt er á milli veggja. Og útsýnið er niður eftir Klapparstígnum. Mannlífið er einnig fjölbreytt. „Við sjáum eiginlega allt. Alla flórana eins og hún leggur sig.“ Og samstarfið er einnig frábært. „Já - frábært eins og það hefur alltaf verið. Við erum búnar að eyða svo mörgum klukkustundum, dögum vikum, mánuðum og árum saman að öðruvísi gæti það ekki verið. Við vorum að gantast með það á dögnum og við værum búnar að vera lengur í návist hvorrar annarrar en fjölskyldna okkar.“

FERSKUR FISKUR

DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30



Fyrsti rampurinn settur upp við Kokku

Fyrsti rampur í áttaknu Römpum upp Reykjavík var settur upp við verslunina Kokku á Laugavegi við hátíðlega athöfn fyrir skömmu. Rampurinn er ætlaður hreyfihömluðum en getur einnig gagnast ýmsum kerrum og hjólum. Römpum upp Reykjavík miðar að því að setja upp hundrað rampa í Reykjavík á þessu ári, eins fljótt og auðið er. Stofnaður hefur verið sjóður sem stendur straum af kostnaði fyrir þá verslunar- og veitingahúsaeygendur sem taka þátt í verkefninu, í samræmi við forgangsörðun stjórnar sjóðsins.

Markmiðið er að gera öllum kleift að sækja þá veitingastaði og þær verslanir í Reykjavík sem taka þátt. Unnið verður í góðu samstarfi við eigendur viðkomandi bygginga og skipulagsyfirvöld en Reykjavíkurborg er stofnaðili að verkefninu og hefur sagst munu tryggja góðan framgang þess, segir í tilkynningu. Haraldur Þorleifsson, stjórnandi hjá Twitter og stofnandi hönnunarfyrtækisins Ueno, er hvatamaður verkefnisins og helsti styrktaraðili. Rampurinn sem var settur upp í gær er



Fyrsti rampurinn komin við Kokku.

hannaður af Páli Hjaltasyni arkitekt. Lilja Kristín Ólafsdóttir landslagsarkitekt kom að útfærslu og eftirliti. Þau unnu verkið endurgjaldslaust og

rampurinn var settur upp af Íslenskum aðalverktökum sem hluti framlags þeirra til Aðgengissjóðsins.

AS WE GROW

Umhverfisvæn íslensk hönnun



NÝ SENDING AF DUGGARAPEYSUM

WWW.ASWEGROW.IS
GARÐASTRÆTI 2 REYKJAVÍK

Það er ekkert mál að spara saman í appinu

Nú getur fjölskyldan eða vinahópurinn sparað saman í Landsbanka-appinu. Það tekur bara örstutta stund að stofna reikning og þið getið öll fylgst með þangað til markmiðinu er náð.

—
ÞAÐ ER LANDSBANKI NÝRRA TÍMA



Sjóvarnargarðurinn við Ánanaust endurbættur



Unnið við endurgerð sjóvarnargarðs við Eiðsgranda.

Á næstunni verður ráðist í endurbætur sjóvarnargarðsins með fram Ánanaustum í vesturbæ Reykjavíkur. Skipulagsfulltrúi hefur veitt Reykjavíkurborg framkvæmdaleyfi en framkvæmdir eiga að hefjast í júní.

Um er að ræða framhald fyrri áfanga en sjóvarnargarður við Eiðsgranda var endurbættur í fyrrahaust. Þær framkvæmdir sem nú verður ráðist í ná til sjóvarnargarðsins þar sem hann liggur meðfram skólpadælustöð og móttökustöð Sorpu allt að athafnasvæði Lýsis hf. Vegna sjógangs hefur göngustígurinn við Sorpu verið lokaður undanfarin misseri.

Útfærslan á endurgerð garðsins felst í upprifi á núverandi sjóvarnargarði. Hann verður rifinn upp og því grjóti sem er þegar í garðinum verður endurraðað. Auk þess verður flutt meira grjót að garðinum svo unnt verði að byggja hann upp til samræmis við verkeikningar. Upprifið efni verður flokkað og endurnýtt í bland við aðflutt efni frá nálægum lagerum.

Nýr Skerjafjörður í tveimur áföngum



Þannig myndi nýr Skerjafjörður líta út fullbyggður.

Tillaga skipulagsfulltrúa hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur að nýju deiliskipulagi fyrir Nýja Skerjafjörð var vísað til endanlegrar afgreiðslu borgarstjórnar á fundi borgarráðs 25. mars sl. Gert er ráð fyrir að uppbygging Nýja Skerjafjarðar muni eiga sér stað í tveimur áföngum. Í fyrri áfanga verða 685 íbúðir auk leikskóla, grunnskóla, miðlægu bílageymsluhúsi, verslun, þjónustu og útivistarsvæðum. Samkvæmt tillögunni verða nýjar vegtengingar til austurs, suður fyrir Reykjavíkflugvöll, sem verða eingöngu ætlaðar almenningsamgöngum, gangandi og hjólandi vegfarendum.

Nokkrar breytingar voru gerðar á deiliskipulagstíllögunni eftir að athugasemdafresti lauk. Þær eru meðal annars að íbúðum var fækkað úr 690 í 685. Leiksvæðum var bætt við inn á uppdrætti og í skýringar. Hjólastígar voru útfærðir frekar. Séránotafletir eiga nú við um fleiri húsagerðir en raðhús. Skuggavörp voru uppfærð miðað við minni byggingarmassa svo auka mætti birtustig í inngörðum. Grasþökum í sérskilmálum var gefið meira svigrúm með vali á sjávarmöl og mýrargróðri í takt við náttúrulegt umhverfi á svæðinu. Nýja hverfinu fylgja einnig kostir fyrir eldri byggð í Skerjafirði þar sem það mun bjóða upp á ýmsa þjónustu sem ekki hefur verið til staðar. Má þar nefna verslun, skóla og félagsmiðstöð.

Bílastæði í miðlægu bílastæðahúsi

Öll bílastæði lóða verða í miðlægu bílastæðahúsi þar sem matvöruverslun og þjónusta verða á jarðhæð. Áætluð bílastæðapörf í Nýja Skerjafirði gerir ráð fyrir einungis 0,7 bílastæði á íbúð enda

gert ráð fyrir samnýtingu. Engin bílastæði verða innan lóða heldur í miðlægu bílastæðahúsi. Núverandi umferð um Einarsnes er um 3.000 bílar á sólarhring við vegamót Suðurgötu og Einarsness. Miðað við áætlaðan fjölda einkabíla í fullbyggðu hverfi má gera ráð fyrir að umferðin nemi um 9.000 bílum á sólarhring á sama stað sem telst hæfileg umferð og innan marka.

Landfylling og tenging við almenningsamgöngur

Í seinni áfanga er gert ráð fyrir mótun nýrrar strandar með landfyllingu og landmótun. Í hinu nýja skipulagi er lögð áhersla á forgang gangandi og hjólandi vegfaranda, hæga umferð og öflugar tengingar við almenningsamgöngur. Ný tenging fyrir Strætó verður lögð eftir framlengdu Einarsnesi suður fyrir flugbrautina við Fossvogsbrú og að Háskólanum í Reykjavík

Skerðir ekki starfsemi Reykjavíkflugvallar

Ný Skerjafjörður mun hvorki skerða starfsemi né nýtingu Reykjavíkflugvallar. Húsin rísa á randbyggðum reitum á tveimur til fimm hæðum og laga sig þannig að hindrunarfleti flugvallarins. Samkvæmt rannsóknnum EFLU og hollensku flug- og geimferðastofnunarinnar mun íbúabyggðin ekki raska þjónustustigi flugvallarins nema að óverulegu leyti líkt og á við um núverandi byggð umhverfis flugvöllinn.

ALLIR ÚT AÐ HJÓLA

MEÐ TUDOR

Eitt mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja

Veldu öruggt start með TUDOR



Traust og fagleg þjónusta • NYTT: Vefverslun www.skorri.is

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 Rvk • 577 1515 • skorri.is

Arna

ís- og kaffibar

Opíð virka daga 9 - 18 og helgar 10 - 18.

Eiðistorgi 15

facebook.com/arnaisogkaffi





NAGLADEKKIN ERU SLÍTANDI

Eftir 15. apríl er óheimilt að aka á nagladekkjum.



SUMARIÐ ER Á NÆSTA LEITI



Hafnarbúðir

Margvísleg hlutverk í gegnum tíðina

Með tilkomu Reykjavíkurhafnar breyttist bærinn úr þorpi í útvegskaupstað. Sjávarútvegur varð einn af mikilvægustu atvinnuvegum bæjarbúa ef ekki sá mikilvægasti. Fyrir hafnargerðina var Örfirisey eins og nafnið bendir til ekki landsföst en smám saman var hafnarsvæðið þróað og stækkað með landfyllingum.

Þegar bygging hafnarinnar hófst var engin stórskiphöfn í Reykjavík sem gerði að verkum að leggja þurfti stærri skútum og skipum utalega í höfninni og sellytja vörur og farþegar í land með minni bátum. Upp úr aldamótunum þegar komum stærri skipa tók að fjölga varð ljóst að eitthvað þyrfti að gera. Árið 1906 var farið af stað með undirbúning að viðamikilli hafnargerð í Reykjavík. Norskur hafnarstjóri Gabriel Smith að nafni var fenginn hingað til lands að tillögu kaupmanna í Reykjavík. Verkefni hans var að leggja mat á staðsetningu og kostnað mögulegrar hafnar. Þremur árum síðar skilaði hann greinargerð með tillögum að hafnarmanvirkjum í Reykjavík. Þetta leiddi til þess að hafist var handa við hafnarframkvæmdir í Reykjavík þann 9. mars 1913 sem stóðu yfir fram til ársins 1917. Eftir byggingu hafnarinnar var húsnæðisskortur viðvarandi vandi á hafnarsvæðinu en mannvirki tóku smám saman að rísa. Fiskvinnsluhús, íverustaðir og húsnæði til ýmiskonar starfsemi er tengdist útvegslífi og einnig vöruflutningum var smám saman byggt. Þar á meðal byggingarnar sem nú eru þekktar sem grænu hafnarbúðirnar.

Stóru Hafnarbúðir byggðar

Árið 1958 sótti bæjarsjóður Reykjavíkur um að fá að byggja þrjú hús úr steini við Reykjavíkurhöfn austan gömlu hafnarbúðanna. Húsið átti að vera 340,60 fermetrar að grunnfleti og taka við af Verkamannaskýlinu sem var byggt á fyrstu árum þriðja áratugarins. Verkamannaskýlið stóð sjávarmegin við Tryggvagötuna á þeim slóðum sem þá mættust Kalkofnsvegur og Tryggvagata. Verkamannaskýlið var byggt úr timbri og þar var aðstaða fyrir verkamenn og sjómenn. Í Verkamannaskýlinu einnig eins konar ráðningarskrifstofa. Þangað þyrptust verkamenn sem ekki höfðu fasta vinnu og biðu eftir því að einhver verkstjórinn á kajanum veitti þeim verk að vinna þótt ekki væri nema við eina

uppskipun. Verkamannaskýlið var rífið fljótlega eftir að nýja húsið Hafnarbúðir var byggt, en það var tekið í notkun 1962. Í brunavirðingu frá þeim tíma segir að húsið sé þrjár hæðir og kjallari, byggt úr steinsteypu, einangrað með vikri og múrhúðað að utan. Þak er úr timbri, pappa og áli. Á fyrstu hæð Hafnarbúða voru anddyri, ráðningarstofa, fjögur herbergi og biðstofa fyrir verkamenn, böð, búningasklefar, fjórar snyrtingar og tveir stigagangar. Á annarri hæð voru vinnsluherbergi, eldhús, veitingasalur með afgreiðsluborði, fjórir klósettkefar og tveir stigagangar.

Á þriðju hæð var sjómannastofa, nýu gistiherbergi, skrifstofa og vaktherbergi. Þar voru einnig tveir baðkefar, þrjú klósett og tveir gangar. Í kjallara var geymslurými, búnings- og snyrtiherbergi starfsfólks, geymslur og eldhús. Hafnarbúðir voru teiknaðar af arkitektunum Einar Sveinssyni og Aðalstein Richter. Ríkið eignaðist Hafnarbúðir 1972.

Skrifstofur og félagsstarf Vestmanneyinga flutt í Hafnarbúðir

Margt hefur verið til húsa í Hafnarbúðum í þá sex áratugi sem liðnir eru frá því Geir Hallgrímsson þáverandi borgarstjóri opnaði húsið með formlegum hætti 1962. Þar á meðal voru skrifstofur bæjarstjórnar og fólga Vestmannaeyja fluttar þangað eftir að eldgosið í Eyjum hófst í janúar 1973. Þá var einnig komið fyrir aðstöðu fyrir félagsstarf Vestmanneyinga í veitingasal hússins um tíma.

Rauði krossinn og Geðhjálp sýndu Hafnarbúðum áhuga

Ýmsir hafa sýnt Hafnarbúðum áhuga í gegnum tíðina. Þar á meðal Rauði krossinn til þess að setja upp sjúkrahótel. „Það hefur lengi verið draumur okkar að eignast húsnæði, sem gæti orðið samastaður fyrir fólk utan af landi, sem leitar lækninga í Reykjavík, þ.e. fólk, sem ekki leggst inn á sjúkrahús, en þarf að dvelja svo og svo lengi í höfuðborginni fyrir og eftir aðgerðir á sjúkrahúsum o.s.frv.“, sagði Eggert Ásgeirsson þáverandi framkvæmdastjóri Rauða krossins í samtali við Alþýðublaðið 30. mars 1973. Af því varð þó ekki. Annar heilbrigðisaðili sem var með aðstöðu í Hafnarbúðum og sýndi einnig áhuga á kaupum á húsinu



Á þessu líkani má sjá hluta af grænu hafnarbúðum, fyrirhugaða nýbyggingu og austast er stóra húsið sem byggt var í upphafi sjöunda áratugarins.



Gömlu verbúðirnar við Geirgötu hafa fengið nýtt hlutverk. Í stað beitinga og annarar útvegs- og fiskvinnustarfsemi hefur veitngarekstur haslað sér völl í þessum húsum sem setja mikinn svip á hafnarsvæðið og skapað nýtt mannlíf.

Þegar ríkiskaup auglýstu það til sölu. Geðhjálp sýndi áhuga á því en félagið var þá með aðstöðu á annarri hæð fyrir skrifstofu og félagsmiðstöð. Af því að Geðhjálp festi kaup á húsinu varð ekki.

Spítalarekstur og langlegusjúklingar

Spítalarekstur rataði í Hafnarbúðir árið 1977. Þá var húsið tekið undir deild fyrir langlegusjúklinga frá Borgarspítalanum í Fossvogi.

Einnig var dagvistun fyrir aldraða í húsinu. Á fyrstu hæð þess var komið fyrir afgreiðslu, upplýsingaþjónustu, læknaherbergi og biðstofu. Einnig endurhæfingaraðstöða ásamt rúmgóðri snyrtiaðstöðu og séringangi, bað og



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

www.grantthornton.is



Hafnarbúðir á horni Geirsgötu og Tryggvagötu hafa sett svip á hafnarsvæðið allt frá því húsið var reist í upphafi sjöunda áratugar liðinnar aldar.

búningsaðstaða fyrir dagvistunina.

Á annari hæð voru þrjár sjúkrastofur, borð- og setustofa, búningsherbergi, ræsti- og snyrtiherbergi og geymsla. Á þriðju hæð voru átta sjúkrastofur, borð- og setustofa, aðalvakt, bítibúr, snyrtiherbergi, bað og geymslur. Eldhús var í fyrstu hæð sem var tengt þessari starfsemi í fyrstu en síðar var matur sendur þangað frá eldhúsi Borgarspítalans í Fossvogi. Starfsemi Hafnarbúða var færð undir stjórn St. Jósefsspítala árið 1986 og var með svipuðu sniði og á meðan Borgarspítalinn sá um reksturinn.

Kaldidalur kemur til sögunnar

Hafnarbúðir voru nýttar til spítalareksturs og sem hjúkrunarheimili í rúma tvo ártugi en árið 1998 voru verðar

miklar breytingar á rekstri hússins. Hafnarbúðir voru þá í eigu ríkisins sem ákvað að selja. Reykjavíkurborg nýtti sér ekki forkaupsrétt og varð Kaldidalur ehf. eigandi Hafnarbúða. Nýir eigendur létu gera húsið upp að utan sem innan án þess að um miklar breytingar yrði að ræða og heldur húsið að mestu sínu upprunalega útliti að utan sem innan. Eftir að búið var að gera húsið upp leigði Kaldidalur ehf. það ýmsum aðilum. Um tíma var þar lyfjafyrirtæki. Veitingahús hafa verið á fyrstu hæðinni og einnig verslanir. Fasteignasalan RE/MAX Þingholt var þar um tíma og einnig greiðsluþjónustufyrirtækið Momentum auk fleiri aðila. Í dag eru þar meðal annars til húsa hvalaskoðunarfyrirtæki og arkitektastofan ASK arkitektar.

Grænu verbúðirnar í endurnýjun lífdaga

Miklar breytingar hafa orðið á atvinnustarfsemi í verbúðunum á undanföllum árum. Gömlu verbúðirnar við Geirsgötu, grænu verbúðirnar svokölluðu, hafa gengið í endurnýjun lífdaga. Í þeim og í nágrenni þeirra er meðal annars að finna litla veitingastaði, sem draga til sín gesti og lífga mjög upp á hafnarsvæðið. Mikil uppbygging hefur átt sé stað á hafnarsvæðinu öllu og mannlíf þar orðið miklu fjölbreyttara en áður auk þess sem ferðamönnum fjölgaði til muna fram að covid. Í fyrstu völdu fyrirtæki svæðið vegna lágrar leigu miðað við verslunarkjarna eins og Laugaveg og Kringluna en síðar tóku fleiri að sækja þangað vegna uppgangs. Ekki er annað að sjá en starfsemi í grænu húsunum, gangi fyrir sig og sé komin til að vera.

FYRIRTÆKJAFJÓNUSTA SYSTRASAMLAGSINS



Bústaðu þig og þína upp í maí með ofurbeytingum og skálum frá Systrasamlaginu!

Frábært fyrir fyrirtæki sem vilja næra, bæta og kæta fyrir sumarið.

Skoðuðu það sem er í boði á www.systrasamlagid.is

Flest er lifrænt, sumt glútenlaust, margt vegan en ekkert bragðlaust.



Afgreiðslutími:
Mán: 11-16
Þri-fös: 11-18
Lau: 11-16

ÓÐINGSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
[@systrasamlagid](https://www.instagram.com/systrasamlagid)
Sími: 511 6367

Kjötkompaní

GRANDI



www.kjotkompani.is ☎ 578 9700 ✉ kjotkompani@kjotkompani.is 📱 [kjotkompani](https://www.facebook.com/kjotkompani)

Hafnarfjötvi & Grandi

Flott föt fyrir flottar konur



belladonna

Skeifan 8 | 108 Reykjavík | sími 517 6460 | www.belladonna.is

Landkotsskóli Íslandsmeistari í skák grunnskólasveita



Skáksveit Landkotsskóla ásamt liðsstjórum.

Landkotsskóli var Íslandsmeistari grunnskólasveita á Íslandsmeistaramóti grunnskólasveitanna sem haldið var nýlega. Íslandsmeistaratitillinn vannst eftir mjög spennandi keppni við Vatnsendaskóla, Hörðuvallaskóla og Lindaskóla. Sveitin 2,5 vinninga á þá næstu á eftir.

Sveit Íslandsmeistara Landkotsskóla skipuðu:

Adam Ómarsson, Iðunn Helgadóttir, Jósef Ómarsson, Jón Louie Thoroddsen. Þar að auki höfpuðu Iðunn og Jósef 2. og 3. sæti í borðaverðlaunum, með sex vinninga hvort. Landkotsskóli fékk einnig verðlaun fyrir bestan árangur b-liða. Í b-liðinu voru: Jakob Rafn Löve, Stefán Borgar Brynjólfsson, Þorsteinn Kári Pálmarsson og Sanan Sulehria.

Sjöttubekkingar í vísindasmiðju

Börn og kennarar í sjötta bekk Landkotsskóla fóru í Vísindasmiðju Háskóla Íslands 9. apríl.

Í vísindasmiðjunni kynnst nemendur vísindum á lifandi og gagnvirkan hátt með verklegum tilraunum og fá innsýn í margskonar vísindagreinar svo sem eðlisfræði, umhverfisfræði, líffræði, stjörnufræði, vindmyllusmiði og efnifræði. Hér má sjá myndir frá heimsókninni.



Þessar myndir voru teknar í vísindasmiðjunni.

HÚSVERNDARSTOFA

Fræðslustofa um viðhald og viðgerðir eldri húsa



Ókeypiss ráðgjöf í Árbæjarsafni alla miðvikudaga kl. 15 – 17 um viðhald og viðgerðir eldri húsa og á sama tíma í síma 411 6333



BORGARBÓKASAFNIÐ
MENNINGARHÚS

Líf og fjör í Frosta



Frá félagsstarfinu í Frosta.

Mikið líf og fjör hefur verið í Frosta síðustu vikur eftir stutta skerðingu á starfsemi okkar í kringum páskafríð vegna samkomutakmarkana. Í unglingastarfinu höfum við brallað ýmislegt, hældum glæsilegt borðtennismót, buðum upp á kökur og heitt súkkulaði á kakóhúsi Frosta og áttum notalegar stundir í Trúnó.

Trúnó er vinsæll viðburður í Frosta þar sem unglingunum gefst tækifæri á að spyrja nafnlausra

spurninga um lífið og tilveruna og taka svo þátt í umræðum um málefnin ásamt starfsfólki Frosta. Þessa dagana erum við svo með þemavikur í 10 til 12 ára starfinu. Í apríl eru í boði spila, feluleiki, bío og boltavikur og hefur verið mikil stemning á opnum. Við erum farin að njóta vorsins og munum með hækkanði sól halda fleiri útiviðburði og njóta saman, segir í frétt frá Frosta.

Öflug skáksveit í Melaskóla



Nökkvi, Örvar, Matthías og Kormákur í skáksveit Melaskóla.

Í lok mars tók Melaskóli þátt í Íslandsmóti grunnskóla í skák. Með skömmum fyrirvara var smalað saman fjögurra manna sveit og send til keppni. Foreldrar aðstoðuðu við framkvæmdina og eiga þakkir skildar fyrir það. Skemmt er frá því að segja að Melaskólaakrakkar náðu öðru sæti í mótinu, þrátt fyrir frekar ungan aldur.

Mótið var fyrir aldursbilið 4. til 7. bekk og voru margar sveitir mannaðar eldri nemendum, úr 6. og 7. bekk. Melaskólasveitin var því í yngri kantinum. Sveitina skipuðu Nökkvi úr 4.HGG, Örvar úr 3.ÁS, Matthías úr 6.SL og Kormákur úr 3.MA. Þess má geta að Matthías, sem tefldi á 1. borði, vann allar sínar skákir. Hann og Kormákur æfa með Skákdeild Breiðabliks en Nökkvi og Örvar æfa skák með KR.



Hjúkrunarfræðingar

Laus er staða hjúkrunarfræðings á nýlegu 40 rýma hjúkrunarheimili að Safnatröð 1, Seltjarnarnesi. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst eða eftir samkomulagi. Um er að ræða hlutavinnu, morgun, kvöld, nætur og helgarvinnu.

Upplýsingar gefur Svanlaug Guðnadóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar sími 864-4184.

Íslenskt hjúkrunarleyfi.

Vinsamlegast setjið Nes-fyrir framan starfið sem sótt er um.

HJÁLPARSÍMI
RAUÐA KROSSINS

1717



- Opinn allan sólarhringinn
- Upplýsingar um úrræði
- Alveg ókeypis (líka úr gsm)
- Kemur ekki fram á símréikning
- Fullur trúnaður
- Ef þér líður illa – ef þú átt í vanda

Rauði kross Íslands

VALHÖLL
FASTEIGNASALA
STOFNUN 1995

Síðumúla 27 | 588 4477 | www.valholl.is | Reykjavík | Snæfellsbæ | Höfn Hornafirði



Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri, lögg.
fasteignasali og leigumíðlari.
896 5222



Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri, Löggiltur
fasteignasali B.Sc.
693 3356



Snorri Snorrason
Löggiltur fasteignasali.
895 2115



Hildur Harðardóttir
Löggiltur löggiltur
fasteignasali. Skjalagerð.
897 1339



Margrét Sigurgeirsdóttir
Skrifstofustjóri,
margret@valholl.is
588 4477



Pétur Steinar Jóhannsson
Aðstoðarm. Fasteignasala
Snæfellsnesi
893 4718



Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur fasteignasali.
Lista og innanhús Stílisti.
892 8778



Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali.
899 9083



Hrafnhildur B. Baldursdóttir
Löggiltur fasteignasali.
BA í stjórnmálafræði.
862 1110



Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

Vilja byggja fimm hæða við Njálsgötu



Gamla húsið við Njálsgötu 60 má eins og sjá má muna fífil sinn fegurri og fyrirhuguð nýbygging svipar til sambærilegrar hæða og húsin vinstri hönd.

Rannveig Eir Einaradóttir og Hilmar Þór Kristinsson hafa sótt um leyfi til að byggja fimm hæða fjölbýlishúss með átta íbúðum við Njálsgötu 60 og var málið tekið fyrir hjá byggingafulltrúa nýverið.

Gamalt og illa farið hús stendur á lóðinni en til vinstri er fjögurra hæða hús með risi þannig að þessar hugmyndir falla vel að nánasta umhverfi. Þau Rannveig og Hilmar reka Sandhótel við Laugaveg og ráku Verslun Guðsteins við Laugaveg.

Heiti potturinn

- styrkur í félagsstarfi í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum

Kæru íbúar.

Eins og flestir vita er Covid-19 að sitja strik í reikninginn hjá ansi mörgum íbúum þessa lands. Eins og venjan hefur verið höfum við auglýst eftir umsóknum til að styðja við félagsstarf fyrir eldri borgara tvisvar sinnum á ári, annars vegar á vorin og hins vegar á haustin. Vorið 2020 var ákveðið að fresta umsóknum til haustsins 2020 og gátum við úthlutað í pottinn þá og vorum þá með hann tvöfaldan.

Eins og staðan er í dag ætlum við að gera slíkt hið sama, þ.e. að fresta umsóknum til haustsins 2021 og verður því ekki opið fyrir umsóknir þetta vorið, enda lítið sem hægt er að gera með fólki í félagsstarfi meðan fjöldatakmörkunir eru eins og þær eru í dag.

Við vonum innilega að ástandið lagist í sumar og við getum átt gott haust með tilheyrandi



félagsstarfi og öðru sem gleður okkur öll.

Við munum væntanlega auglýsa „Heita pottinn“ í september n.k., en það verður nánar auglýst þegar nær dregur.

Óskum ykkur öllum gleðilegs sumars.

Fyrir hönd Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, Hörður Heiðar Guðbjörnsson - Verkefnastjóri.

Kæru íbúar í Vesturbæ

Gleðilegt Sumar

Með von um að það verði ykkur öllum heillaríkt og gott.

Hljár sumarkveðjur

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar Miðborgar og Hlíða



Geirsgata 1 • Sími 511 1888

Gómsæti í göngufæri

Þétting byggðar

Reykjavíkurborg hefur stækkað ört á síðustu áratugum. Borgin sem hér áður fyrr var þéttust í mið- og vesturbænum hefur nú teygst sig langt í austur og ný hverfi hafa orðið þar til á landi sem áður var að mestu óbyggt. Slík þróun er fylgífiskur gríðarlegrar fólksfjölgunar sem var mjög ör í Reykjavík á þessum árum. Reykjavíkurborg er langt frá því að vera eina borgin sem hefur farið í gegnum tímabil þar sem gríðarleg fólksfjölgun verður á stuttu tímabili og mikil útpensla byggðar fylgir. Það er þó þannig að með aukinni meðvitund okkar um sjálfbæra þróun, loftlagsmál og þau áhrif sem við höfum á allt umhverfi okkar er sem betur fer alltaf verið að leita leiða til þess að bæta borgarsamfélagið. Ein þeirra leiða er þétting byggðar, sem er mjög góð lausn til þess að fjölga íbúum, við styttingu vegalengdir sem fólk þarf að ferðast, drögum þannig úr mengun og minnkum þörf á að byggja á áður óbyggðum svæðum.

Kvistir

Það er ekki auðvelt að þetta byggð í grónum hverfum. Þeir eru ekki margir sem geta byggt heilu hæðinar á hús þar sem það má eða rífið niður og byggt upp ný hús vegna gríðarlegs kostnaðar sem því fylgir. Það er hins vegar einn kostur sem margir

gætu farið, það er að bæta við kvisti á húsnæði. Það skýtur því örlítið skökku við að strangar reglur séu hjá Reykjavíkurborg um stækkun húsa með því að setja kvisti á hús. Það að bæta kvisti á hús sér í lagi í vestasta hluta borgarinnar er sú leið sem margir geta farið til þess að stækka við sig húsnæði. Þannig fengjum við fjölbreyttari íbúðir fyrir mismunandi fjölskyldugerðir, ásamt betri birtuskilyrðum og loftgæðum í íbúðunum. Með því værum við að auka lýðheilsu og lífsgæði með einföldum hætti ásamt því að stuðla að þéttingu byggðar og skapa okkur ávinning umhverfislega. Mikilvægt er því að Reykjavíkurborg verði sveigjanlegri á reglum um byggingu kvista á húsnæði í Vesturbænum til þess að þetta byggðina og auka lífsgæði þeirra sem þar búa.



Valgerður Sigurðardóttir borgarfulltrúi.

Valgerður Sigurðardóttir borgarfulltrúi
Sjálfsstæðisflokksins skrifar.



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Hönnunarsamkeppni um brú yfir Fossvog

Ríkiskaup fyrir hönd Vegagerðarinnar býður nú til opinnar hönnunarsamkeppni, sem er framkvæmdasamkeppni, um útlit og hönnun brúar yfir Fossvog fyrir almenningsgangur, hjólandi og gangandi ásamt stígum, akreinum og umhverfi að brúnni innan samkeppnissvæðis.

Brú yfir Fossvog er ætluð fyrir gangandi,

hjólandi og umferð almenningsvagna yfir Fossvog, frá flugbrautarenda Reykjavíkurflugvallar vestan Nauthólsvíkur yfir á norðausturhluta Kársnestáar. Samkeppnissvæðið tekur til þess svæðis á landi og sjó sem mun falla undir og við fyrirhugaða brúartengingu yfir Fossvog, milli Kópavogs og Reykjavíkur og nágrenni þess. Stærð samkeppnissvæðisins er um 4,9 hektarar.



Þannig er gert ráð fyrir að Fossvogsbrúin muni liggja á milli enda flugbrautar á Reykjavíkurflugvelli yfir á Kársnes í Kópavogi.

FYRIRTÆKJAFJÓNUSTA SYSTRASAMLAGSINS



Bústaðu þig og þína upp í maí með ofurbeytingum og skálum frá Systrasamlaginu!

Frábært fyrir fyrirtæki sem vilja næra, bæta og kæta fyrir sumarið.

Skoðaðu það sem er í boði á www.systrasamlagid.is

Flest er lífrænt, sumt glútenlaust, margt vegan en ekkert bragðlaust.



Afgreiðslutími:
Mán: 11-16
Þri-fös: 11-18
Lau: 11-16

ÓÐINGSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

Foreldrar
verum samtaka



Útivistarreglurnar

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 22

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 24

1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri mega vera úti - til kl. 20

13 - 16 ára börn mega vera úti - til kl. 22

Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum. Börn mega ekki vera á almannafæri utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.



Samstarfshópur
um forvarnir

SAMAN



Ríkislögreglustjórnin

Eignaumsjón 20 ára þekking og reynsla!

- » Gott viðmót
- » Fagleg þekking
- » Skilvirkar lausnir
- » Gagnsæjar upplýsingar
- » Hlutlaus og fagleg nálgun



• EIGNAumsjón

20 ára

Suðurlandsbraut 30
108 Reykjavík
Sími 585 4800
thjonusta@eignaumsjon.is
eignaumsjon.is

Vesturbæjarblaðið

www.borgarblod.is

Túrmerik latte Systrasamlagsins, nú til heimabruks

Lífrænn túrmerik latté er einstaklega vinsæll drykkur á Boðefnabar Systrasamlagsins. Hann má nú loks fá til að gera heima. Einnig frábær til að taka með í sumarferðalagið.

Túrmerik latté er þekktur sem "Gullna mjólkin" eða "Haldi Ka Doodh". Gullna mjólkin á rætur í suðaustur Asíu þar sem túrmeríkrót með öðrum lækningajurtum var blandað út í heita mjólk eða jurtamjólk. "Vitandi um alla þá mögnuðu næringu sem túrmerik hefur fram að færa hönnuðum við systur okkar eigin túrmerik-latté árið 2015. Drykk sem hefur æ síðan notað mikilla vinsælda enda bæði bragðgóður, bólgueyðandi og sérlega næringarríkur," segja þær Guðrún og Jóhanna í Systrasamlaginu.

Túrmerik-latté-inn inniheldur allt það besta sem góður gullinn latté þarf að innihalda, sem er umfram allt gnótt af frábæru lífrænt vottuðu túrmerki og öðrum lækningajurtum.

Túrmerik-latté er góður drykkur síðla dags og eða kvöldin þegar nartþörfin herjar á. Eða sem kærkomin hvíld frá kaffi. Blandan er í senn lífræn og vegan og má skoða betur eða versla á www.systrasamlagid.is. Hann fæst einnig í verslun Systrasamlagsins á Óðinsgötu 1.



Íslenskan á þemadögum í Grandaskóla



Þessar myndir voru teknar á þemadögum í Grandaskóla.

Íslenskan var í fyrirrúmi í sinni fjölbreyttu mynd á þemadögum sem haldnir voru í Grandaskóla 17. til - 19. mars og voru þeir tileinkaðir íslensku.

Mismunandi verkefni voru unnin í árgöngum. Í fyrst bekk var unnið verkefni um Múmínálfama, Ófurhetjur voru til umfjöllunar í öðrum bekk. Í

3. bekk var fjallað um Lottu og heimsókn í leikskóla. Í fjórða bekk var fjallað um ljóð og í fimmtabekk var farið í 5. bekkur íslensku ratleikur. Nemendur í tónmennt héldu tónleika með íslenskum ljóðum og vísum. Nemendur skrifuðu fallegasta íslenska orðið í gluggann á glerganginum. Allir árgangar tóku þátt í maraþonlestri í steymi á skólasafni þessa daga.

HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á
Facebook



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og
ræðum skipulag útfarar ef óskað er

www.utforin.is



SÍÐAN 1996

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Netverslun: systrasamlagid.is

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMÍÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Þórir með KR á lokakaflanum

Þórir Guðmundur Þorbjarnarson eða Tóti Túrbó eins og hann er stundum kallaður mun spila með KR í Dominosdeildinni í körfubolta á lokakafla tímabilsins. Þetta kemur fram á karfan.is

Þórir hefur spilað með Nebraska Cornhuskers í fyrstu deild bandaríska háskólakörfuboltans undanfarin ár. Þórir er 22 ára gamall en hann var hluti af þremur Íslandsmeistaraliðum KR-inga á árunum 2015, 2016 og 2017 áður en hann fór út í skóla. Á síðasta tímabili sínu með KR þá var Þórir með 10,2 stig og 3,5 fráköst að meðaltali á 22,1 mínútu í leik. Þórir spilaði 92 leiki með Nebraska Cornhuskers á síðustu fjórum árum en átti sitt besta tímabil í fyrra. Þá var hann með 8,8 stig og 4,8 fráköst í leik og hitti úr 37 prósent þriggja stiga skota sinna. Í vetur var



Þórir Guðmundur Þorbjarnarson.

hann með 3,9 stig og 3,1 fráköst að meðaltali í leik en hann hitti úr 29 prósent þriggja stiga skotanna og 77 prósent vítanna. Þórir er hávaxinn bakvörður og

spilar á vængnum. Hann býr nú af fjögurra ára reynslu af bandaríska háskólaboltanum og verður góður liðstyrkur fyrir KR-liðið.

Ægir Jarl framlengir um tvö ár

Ægir Jarl Jónasson leikmaður mfl.ka KR í fótbolta hefur framlengt samning sínum til tveggja ára.

Ægir kom til KR frá Fjölni eftir tímabilið 2018 og hefur leiki 40 leiki í KR búningnum í deild og bikar og skorað í þeim 10 mörk.



Nýr KR búningur frumsýndur

KR treyjan fyrir sumarið 2021 er komin. Hægt er að nálgast treyjuna í KR búðinni og Jóa Útherja.

Leikmenn meistaraflokks karla og kvenna voru fengin til að máta treyjuna og hér má sjá útkomun.



www.kr.is



Hjólhestur Hjólaverkstæði fyrir öll hjól

Bike Cave, Einarsnes 36, 102 Reykjavík
Hjólhestur á Facebook
7887616



GETRAUNANÚMER KR

107

1X2 GETRAUNIR.IS

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

FYRIRTAÐ
málningarþjónusta

TRAUST
OG
ÁBYRG
ÞJÓNUSTA

www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997

LÍTIL VERK - STÓR VERK
OG ALLT ÞAR Á MILLI



LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 11-16
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is



MotorMax

Smurstöð

Opnunartímar

Virka daga 07:45 til 17:00


**ENGAR
TÍMAPANTANIR!**



Motormax er þjónustufyrirtæki í glæsilegu húsnæði að Vatnagörðum 12.

Við leggjum áherslu á smurþjónustu og bílaprif. Renndu við engar tímapantanir í smurþjónustu.

Tímabókanir fyrir bílaprif í síma 545 4040 og á: motormax@motormax.is



Motormax ehf.
Vatnagörðum 12
Sími: 545 4040

motormax@motormax.is